



Reglur um akstursþjónustu fyrir eldra fólk í Hafnarfirði

1. gr.

Markmið og forsendur

Markmið með akstursþjónustu fyrir eldra fólk í Hafnarfirði er að stuðla að auknu félagslegu sjálfstæði og gera íbúum kleift að búa lengur heima sbr. X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum

Akstursþjónuta er fyrir 67 ára og eldri, sem búa í heimahúsi, hafa ekki aðgang að eigin farartæki og eru ófærir um að nota almenningssamgöngur.

Akstursþjónusta er að öllu jöfnu ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og liðskiptaaðgerða.

Hafi umsækjandi nýtt sér akstursþjónustu fyrir 67 ára aldur, á grundvelli reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks á hann rétt á að halda þeirri þjónustu áfram og greiðir áfram sama gjald.

2. gr.

Skilgreiningar á ferðum, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Ferð er skilgreind sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Hámarksfjöldi ferða er 16 ferðir í mánuði. Heimilt er veita fleiri ferðir þegar um er að ræða eftirfarandi skilyrði:

- Akstur til að sækja lækni meðferð eða endurhæfingu á sjúkrahúsi eða endurhæfingarstofnun í allt að þrjú mánuði á ári.
- Akstur í félagsstarf aldraðra.
- Akstur í dagdvöl aldraðra utan bæjarfélagsins, sé fullreynt að viðkomandi komist ekki í dagdvöl í sínu sveitarfélagi.

Þjónustusvæðið er höfuðborgarsvæðið frá Hafnarfirði í suður og Kjalarnes í norðri.

3. gr.

Gjaldtaka

Gjald fyrir akstursþjónustu eldra fólks miðast við gjaldskrá Hafnarfjarðar og er birt á heimasíðu bæjarins. Gjald er tekjutengt og er eftirfarandi:

- Einstaklingar /hjón sem eru undir tekjuviðmiðum skv. gjalddkrá greiða fullt strætógjald
- Einstakingar /hjón sem eru yfir tekjuviðmiðum skv. gjaldskrá greiða tvöfalt strætógjald

Gjald með leigubíl skv. samningi við Blindrafélagið fer eftir gjaldskrá Bindrafélagsins.



Hafnarfjörður

4. gr.

Umsóknarferli og úthlutanir

Umsókn um akstursþjónustu er aðgengileg á *Mínun síðum* á hafnarfjordur.is. Með umsókn þarf að fylgja rökstuðningur fagaðila og skattframtal.

Umsókn er lögð fyrir deildarfund hjá fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar. Starfsmenn sviðsins taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Hafnarfjarðar.

Umsækjanda er tilkynnt um niðurstöður umsóknar innan fjórtán daga frá því umsókn berst. Sé umsókn hafnað, skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til áfrýjunar til fjölskyldurráðs Hafnarfjarðar.

Umsækjanda ber að tilkynna fjölskyldu- og barnamálasviði um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

5. gr.

Framkvæmd og ferðatilhögun

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt getur umsækjandi haft samband við þjónustuver framkvæmdaraðila sem tekur á móti beiðnum notenda, veitir upplýsingar um akstur tíma og skipulagningu ferða. Mikilvægt er að farþegar séu tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Sé ástæða til aðstoðar bílstjóri farþega frá anddyri og inn í bíl. Ekki er beðið eftir farþega á meðan hann sinnir erindum sínum. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna erindum fyrir farþega.

Farþegar þurfa að vera viðbúnir því að tafir og breytingar á áætlunum geti orðið, einkum vegna færðar eða annarra hindrana.

6. gr.

Öryggismál og tengd atriði

Ferðaþjónusta er veitt af framkvæmdaraðila sem sinnir þjónustu skv. samningi vð Hafnarfjarðarbæ. Allir bílar er útbúnir samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og eru öryggisprófaðir.

Akstursaðili ferðaþjónustu Hafnarfjarðar tekur á sig ábyrgð á ráðningu bílstjóra og að starfsmenn séu með fullgild ökuréttindi, aukin ökuréttindi og hafi sótt skyndihjálparnámskeið. Óheimilt er að ráða starfsmenn til aksturs í ferðaþjónustu sem hlotið hefur refsíðum fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Hafi starfsmaður verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

7. gr.

Akstur í dagdvöl fyrir eldri borgara

Um akstur í dagdvöl fyrir aldraða fer samkvæmt 13. gr laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og



Hafnarfjörður

4. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra. Þar er kveðið á um skyldu rekstraraðila til að annast um og bera kostnað af flutningsþjónustu fyrir þá sem dagdvölin sækja, til og frá heimili sínu. Í undantekningartilvikum kemur Hafnarfjarðarbær að akstri fólks til og frá dagdvöl utan Hafnarfjarðar, sé ljóst að viðkomandi geti ekki nýtt sér dagvist innan sveitarfélagsins.

8. gr.

Akstur fyrir eldri borgara til og frá stofnunum

Sé umsækjandi á hjúkrunarheimili má með rökstuddum undantekningartilvikum veita viðkomandi akstursþjónustu til að sinna einkaerindum og fyrirbyggja félagslega einangrun.

Aldraðir sem búsettir eru á hjúkrunarheimilum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunar s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókna og sjúkraþjálfunar eiga ekki rétt á akstursþjónustu vegna þeirra erinda sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar.

9. gr.

Áfrýjun

Umsækjandi getur skotið ákvörðun um úthutun til fjölskylduráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun. Jafnframt skal honum kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarmála þegar niðurstaða fjölskylduráðs liggur fyrir.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði þann 19. mars 2024

Reglur þessar voru samþykktar í bæjartjórn þann 10. apríl 2024

Reglur þessar öðlast gildi þann 15. maí 2024. Jafnframt falla úr gildi reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Hafnarfirði sem samþykktar voru í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 10. júní 2020.